

**Tæring málma í andrúmslofti á Íslandi - áfangskýrsla 1. Baldvin Einarsson, Efla - mars 2019.**

Þetta verkefni er framhald rannsóknar sem hófst árið 1999. Þá voru sýni af hreinu stáli, heitgalvanhúðuðu stáli og tveimur tegundum af áli sett upp á rekka á 15 stöðum víðsvegar um landið, til að ná til sem flestra veðursvæða. Tæring sýnanna var mæld eftir 1, 3 og 5 ár og gerð var grein fyrir niðurstöðum mælinganna í greinum og ritum á sínum tíma. Nú voru gerðar mælingar á tæringu sýna eftir 18 ár frá 10 af þessum 15 stöðum.

Niðurstöður tæringarmælinga sem fall af tíma, sýna að stál tærist mjög hratt fyrstu árin, en síðan dregur úr hraðanum og er hann líklega orðinn jafn eftir 5-10 ár. Fyrir heitgalvanhúðað stál og ál er tæringarhraðinn jafn frá upphafi en lítilllega aukinn með tíma. Tæring stálsýna er í öllum tilvikum nokkuð meiri eftir 18 ár en fyrir hin sýnin.

Fram kemur að mismunur er á tæringu hreins stáls eftir landshlutum. Tæringin er mun meiri sunnan heiða en norðan. Fyrir galvanhúðað stál er myndin flóknari hvað varðar staðsetningu. Fyrir álsýnin hafði lítil tæring mælst eftir fimm ár, en eftir 18 ár er hún hins vegar til staðar, en óháð staðsetningu á landinu.

Eins og fram kemur er þetta áfangaskýrsla, en gert er ráð fyrir að endanlegar niðurstöður verkefnisins verði birtar í lokaskýrslu, sem kemur út síðar.